

103. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Guðmundur Tr. Ólafsson, Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 19. nóvember 2008 kl.8:30.

Þetta gerðist

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fyrir stjórn til samþykktar. Samþykkt án athugasemda
2. Afmælisráðstefna.
Ragna fór yfir vinnu undirbúningsnefndar ráðstefnunnar. Stefnt er að því að halda ráðstefnuna í Turninum við Smárann í Kópavogi. Salur og aðstaðan rædd. Í hádeginu verði standandi hlaðborð og tónlistaratriði eftir matinn. Búið er að vinna drög að dagskrá. Stefnt er að því að fyrrverandi formenn fari yfir sögu félagsins og framtíðarsýn fyrir hádegi en eftir hádegi verði ýmsir faglegir fyrirlestrar. Ragna sendir félagsmönnum línu í dag og minnir á að taka frá 9. desember fyrir ráðstefnuna. Dagskrá verður send út í lok nóvember.
3. Endurskoðun límmiðasamnings
Guðmundur Tr. hefur leitað nýrra tilboða í prentun límmiða með flokkunarmerkjum Fenúr. Tilboð sem borist hafa eru óháð upplagi yfir lágmarksupplagi. Skoða þarf nánar gæði prentunar áður en gengið er frá nýjum samningi.
4. Nýr bæklingur með flokkunarmerkjum Fenúr
Gyða hefur unnið drög að nýjum bæklingi og mun kalla eftir frekara efni í hann. Bæklingurinn verður gefin út á prenti og sem .pdf skjal. Hann verður sendur út með Fenúrfréttum og til þeirra sem panta límmiða. Ragna mun óska eftir tilboði frá Guðjóni Ó. í prentun.
5. Rástefna og aðalfundur ISWA
Styrkumsókn til Umhverfissráðuneytisins var hafnað. Guðmundur Tr. sótti samt sem áður aðalfund og ráðstefnu ISWA fyrir hönd Fenúr. Guðmundur gerði grein fyrir umræðum á aðalfundinum og ráðstefnunni.
6. Fjármál Fenúr
Fjármál fagráðsins voru rædd. Útlit er fyrir að rekstrareikningur verði neikvæður árið 2008.

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 26. nóvember kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson